

Sveinn Ólafsson

Vinnuskýrsla frá Online 2007 í London, 4. til 6. desember.

Í september var afráðið að ég færi á fundahrinu á kaupstefnunni Online Information í London í desember, svipað og undanfarin ár. Kaupstefnan er haldin í tengslum við ráðstefnu með sama nafni. Ég hef ekki sótt þá ráðstefnu enda hafa þessir fundir fyllt út í dagskrá þeirra þriggja daga sem heimsóknir hafa staðið yfir.

Í lok október byrjaði ég að hafa samband við viðsemjendur okkar og bóka fundi með þeim. Dagskráin fylltist fljótt. Í vikunni fyrir ráðstefnuna sendi ég þeim skeyti með þeim atriðum sem ég hafði mestan áhuga á að fara yfir. Hver fundur er oftast klukkutími en stundum aðeins hálf tími. Það er yfirleitt ekkert hlé milli funda, heldur fer ég af einum fundi beint á annan. Ég fór þess vegna ekki á fyrirlestra eða kynnti mér aðra starfsemi á Online Information en þá sem er hér upp talin.

Ég fór yfir ákveðin atriði með öllum sem rætt var við. Ég spurði eftir:

- Nýjum atriðum í notendaviðmóti sem hefðu komið til nú í haust.
- Nýjum atriðum í notendaviðmóti sem væru á dagskrá (ákveðin).
- Öðrum breytingum eða nýjungum á döfinni.

Ég sagði þeim öllum frá

- Samruna HÍ og KHÍ.
- Að tilboð sem þau senda mér séu kynnt stjórnarnefnd landsaðgangs á innraneti nefndarinnar, sem og yfirmönnum í Landsbókasafni - Háskólabókasafni. Reynist ekki grundvöllur að kaupa áskrift í landsaðgangi sé reynt að finna hvort grundvöllur sé fyrir áskrift innan HÍ eða með samlagi fleiri aðila. Einnig sé skoðað hversu mikið fé vanti þá til að koma á landsaðgangi ef samlag er þegar farið að greiða stóran hluta af slíkri fjárhæð.
- Óformlegri stefnumótun stjórnarnefndar um að
 - reyna að koma á áskriftum frá fleiri viðsemjendum og nefndi Wiley, Taylor & Francis, Oxford University Press (tímaritasafnið), Cambridge University Press (tímaritasafnið), Science og Nature sem dæmi um það sem fólk óski eftir aðgangi að.
 - að reyna að finna sérstaka fjármögnun til að kaupa eldra efni, rafbækur og annað efni frá þeim sem við þegar semjum við.

Ég nefndi einnig við alla að prentað kynningarefni gengi ekki hratt út, og ég hefði beðið um að það yrði sent beint til þeirra bókavarda sem hafa óskað eftir því. Það hefur gengið vel. Áhersla mín er á að fá rafrænt kynningar- og hjálparefni, sem nýtist fólki um allt land. Ég kynnti fyrir öllum tengiliðum hvað ég gerði þegar þau senda mér þannig efni:

Á hvar.is er sér vefsíða fyrir hvern viðsemjanda okkar þar sem sagt er frá samningnum við viðkomandi, notkunartölur og ekki síst krækjur á alla kennslu, þjálfun og leiðbeiningar sem þau bjóða upp á.

- Ef þetta er skrá eins og PowerPoint-kynning, set ég hana á vefsvæði og bý til krækju á síðuna.
- Ef þetta er tilvísun í efni á vef þeirra, set ég krækju á síðuna.
- Ég set síðan frétt um þetta á hvar.is.
- Ég sendi einnig frétt á Skrudda.

Hvar.is og Skrudda eru skilgreindar upplýsingaleiðir landsaðgangsins. Skrudda er með um 530 áskrifendur, það eru allflestir bókaverðir í landinu auk þeirra sem vinna í upplýsingamiðlun. Með þessu móti má telja að nærri allir þeir sem málið varða viti að minnsta kosti af því og geti komist í þetta með auðveldu móti á hvar.is.

Ég tek að jafnaði ekki með mér prentefni af fundum, heldur læt senda mér allt prentefni í pósti eftirá eða rafrænt efni í tölvupósti.

Þriðjudagur, 4. desember:

Ég flaug með morgunflugi til London. Um tvöleytið var ég kominn á Kensington Olympia, þar sem Online Information er haldin.

Fyrsti fundur var með Caroline Kennard og Jane Helps frá Britannica. Caroline kynnti fyrir mér Britannica School-útgáfuna, en hér á landi notum við Academic-útgáfu. School-útgáfan er ætluð yngri notendum. Hún ræddi um mögulegan aðgang að School-útgáfunni á Íslandi en það var óljóst hvort okkur byðist þessi útgáfa að kostnaðarlausu eða hvort greiða ætti fyrir aðgang. Ég ræddi um þekktan vanda við að taka upp skólaútgáfur á Íslandi sem miðast við enskumælandi markað, sem við kynntumst með ProQuest Learning Literature. Annars vegar var efnið lítið notað þar sem kennarar voru ekki viljugir að taka það upp í kennslu. Hins vegar kom í ljós að bilið milli aldurs og enskukunnáttu hafði mikið að segja, þar sem efni ætlað 7 ára enskumælandi börnum var borið á borð fyrir 11-12 ára börn, og svo fram eftir götunum. Það gekk ekki vel. Ef við fáum endurgjaldslausan aðgang að School-útgáfunni verður sett sérkrækja á hana á hvar.is og hún kynnt fyrir skólafólki og almenningi. Caroline ræddi um að gera könnun á notkun Britannica á Íslandi. Ég sagði henni að mannaflí hjá landsaðgangi þýddi að við þyrftum að fá hóp áhugasamra bókavarda til að sjá um þessa könnun, ef af henni ætti að verða. Nokkrir bókaverðir í framhaldsskólum og grunnskólum hafa verið áhugasamir um Britannicu og eins væri hægt að fá aðstoð almenningsbókasafna. Hún ætlar að senda mér lýsingu á könnuninni.

Næsti fundur var með John Tsihlis og Laura Karves frá ProQuest sem nú er runnið saman við CSA. John sagði frá að samlag norskra heilbrigðisstofnana hefði aftur tekið upp áskrift að ProQuest. Hann ræddi síðan um viðbætur við ProQuest 5000 sem meðal annars eru nokkur rit frá Cambridge University Press. Rætt var um stöðu mála með tilboð um aðgang að Complete CSA databases. Það veltur mikið á hvort HÍ eða Lbs - Hbs taka upp áskrift fyrir skólann. Ef það gengur eftir vantar lítið upp á að geta fjármagnað landsaðgang. Þá má ræða við HA, Lsh og LHÍ um það sem eftir stendur, sem verður um 450.000 krónur á ári. Rætt var um tilboð um Early English Books Online sem hugvísindadeild hefur til umfjöllunar, og Luthers Werke, sem Einar Sigurbjörnsson hefur hug á að koma á. Að lokum var rætt um leitartæki fyrir landsaðganginn, og var ákveðið að umsjónarmaður hitti fulltrúa frá Serials Solutions daginn eftir.

Þriðji fundurinn þennan dag var með Matthew Crook hjá Blackwell. Hann hafði með sér Nigel Thompson frá Wiley en fyrirtækin hafa nú runnið saman. Rætt var um mögulega samninga við Wiley um tímaritasafn þeirra, sem geymir um 430 titla, en við höfum nú aðgang að um 770 titlum frá Blackwell. Ég ræddi um að fá lista yfir það sem í boði verður til að geta kynnt stjórnarnefnd þegar þeir verða tilbúnir, sem Matthew taldi að yrði í lok mars 2008. Upplýsingar um verð koma síðar á árinu. Nigel ræddi um aðgang að Cochrane, sem Landspítali kaupir núna og notar gegnum Ovid.

Miðvikudagur 5. desember:

Fyrsti fundur dagsins var með Elsevier-mönnum, Felix Haest, Sander Verboom og Chris James. Rætt var um tilboð á eldra efni frá þeim (backfiles) sem hafði verið reynt að fá Landsbanka til að kosta. Af því verður ekki og rætt var um aðra möguleika til að fjármagna kaup á svona efni. Chris fór yfir nýjungar í viðmóti ScienceDirect. Þar má nefna stafsetningartæki (spell checker) sem leyfir að fólk misriti leitarorð, að tengdar greinar verða nú sýndar í til hægri við niðurstöður og að myndefni er nú lyklað og leitarbært (graphical content abstracts).

Næst ræddi ég við Monique van de Kamp frá Springer. Það eru sex vikur síðan hún var hér á landi í heimsókn og hélt kynningar. Hún kvaddi Wouter van der Velde á fundinn þegar á leið. Hann sér um notkunartölfræði og við ræddum um notendatölur og stjórnunaraðgang að þeim. Fljótlega verður hægt að setja upp merki okkar á SpringerLink. Í tölfræðihluta verður hægt að skoða einungis þau rit sem sýna einhverja notkun. Þetta hefur takmarkaða þýðingu í landsaðgangi, þar sem það samlag hefur miklu víðari skírskotun en samlög hafa almennt og færri rit með enga notkun (zero-usage).

Þriðji fundurinn var með Adine Tuesan frá Oxford University Press vegna Grove-safnanna. Lítlar breytingar verða á viðmóti þar, nema að það fær líklega ný nöfn á nýju ári, Oxford Art Online og Oxford Music Online. Þá munu 5 þrívíddarmyndir af hljóðfærum í Grove Music hverfa. Adine var mikið í mun að geta kynnt tilboð á efni frá OUP, en útgáfan hefur fjölda gagnasafna og gefur út um 300 tímarit rafrænt. Ég mun senda henni yfirlit yfir fjölda nemenda (FTE) í háskólum hér á landi. Þegar tilboð berast verða þau kynnt stjórnarnefnd landsaðgangsins og/eða háskólum.

Þá ræddi ég við Robert Bly frá Ex Libris í Bretlandi. Hann sýndi mér leitarviðmót Metalib hjá ExLibris. Hann sagði að Íslandi væri þjónað af söluskrifstofu í Þýskalandi og ég mun kalla eftir tilboði frá Ullrich Jüngling þar.

Síðan var röðin komin að Shawn Fielding frá Serials Solutions, sem sýndi mér uppsetningu á samsteypuleit frá þeim, Central Search. Því miður gat hann ekki sýnt mér mjög mikið á sýningunni og við sammæltumst um að ég hefði samband við hann eftir að heim yrði komið til að fá nánari upplýsingar.

Eftir þetta fór ég um svæðið og leit á básinn hjá Vyre og ræddi við Íslendingana sem reka það fyrirtæki, sem er staðsett í London. Vyre setur upp vefhluta, sérstaklega til að eiga gagnvirk samskipti við viðskiptavinum, eins í vefverslun. Þau þjóna til dæmis Icelandair.

Síðast þennan dag ræddi ég við Nicolas Espeche og Chris Powell hjá Thomson. Nicolas sagði að Baldvin hjá HÍ hefði ekki enn sagt af eða á hvort skólinn tæki upp áskrift að Journal Citation Report, sem staðið hefur til. Baldvin hefði óskað eftir tilboði fyrir einstaka stofnun innan skólans, en verðið yrði að miðast við allan skólann og aðgang fyrir hann allan. Ný útgáfa af Web of Knowledge, sem er leitarviðmót sem við notum fyrir Web of Science, hefur verið aðgengilegt síðan í haust. Frá 27. janúar verður þetta eina leitarviðmótið, og þarf að tilkynna það notendum á Íslandi, sem verður gert á nýju ári.

Fimmtudagur, 6. desember:

Fyrsti fundur þann daginn var með Ebscomönnum, Tuomo Leppikangas og Peter Uwe Dittrich. Farið var yfir hvernig náð er í notkunartölur fyrir allt landið í stjórnunarviðmóti. Þeir sýndu mér síðan nýjungar í viðmótinu, þar sem skráðir notendur geta nú sett upp fleiri en eina möppu fyrir efni, þar á meðal samvinnumöppu (shared content folder). Í leitarniðurstöðum verður hægt að flokka saman klasa (cluster) af niðurstöðum. Horfið verður frá Grokker-leitinni sem er myndræn framsetning á þessum klösum. Í stað hennar verður tekin upp tvenns konar myndræn framsetning. Önnur sýnir niðurstöður í litflötum en hin flokkar þær saman sem tré. Þær verða teknar upp á nýju ári og kynntar þá.

Að því loknu átti ég fund með Ronit Braynerr og Asher Sofrin hjá TDNet. Farið var yfir það sem vantar upp á í Searcher-Analyze. Þá var rætt um óvissu með framtíð áskriftar að Searcher-Analyzer og að ekki væri enn víst að landsaðgangur notaði tímaritaleit TDNet á nýju ári.

Ég ræddi að lokum við Tommy Kågner hjá Sage. Rætt var um tímarit sem bætast við (take-over journals) og hvernig ætti að greiða fyrir þau. Einnig var rætt um notkunartölur en Tommy vonar að það verði mögulegt að fá stjórnunaraðgang (local administrative interface) hjá Sage um mitt næsta ár, sem leyfir að ég sæki þessar tölur beint.

Eftir það lá leiðin út á flugvöll að ná kvöldflugi til Íslands. Lent var hálf tíma eftir miðnætti.

10. desember 2006, Sveinn Ólafsson.